

**Kærunefnd útlendingamála**  
06 151

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Kærunefnd útlendingamála**  
**Kt. 591214-0120**  
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd skipuð sjö aðalmönnum. Nefndarmenn eru sérfróðir um mál sem falla undir útlendingalög einkum hvað varðar dvöl og búsetu útlendinga hér á landi, málefni flóttamanna og rétt til alþjóðlegrar verndar. Þeir eru skipaðir til fimm ára í senn.

Hlutverk kærunefndar útlendingamála er aðallega að rannsaka og úrskurða í kærumálum. Nefndin hefur ekki með höndum umönnun hælisleitenda eða aðra félagslega aðstoð sem hælisleitendur þurfa og eiga rétt á. Þá kemur nefndin ekki að stefnumörkun í þessum málaflokki að öðru leyti en því sem leiðir af úrskurðum hennar. Framkvæmd úrskurða nefndarinnar er í höndum Útlendingastofnunar og Ríkislögreglustjóra.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 289,0 milljónir og afkoma kr. -7,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 10,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 49,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Kærunefndar útlendingamála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kærunefndar útlendingamála fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Þorsteinn Gunnarsson,  
formaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	277.700.000	288.300.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	9.544.667	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.754.136	2.108.159
<b>Tekjur samtals</b>		<u>288.998.803</u>	<u>290.408.159</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	253.745.779	235.116.811
Annar rekstrarkostnaður .....	5	40.813.612	43.377.024
Afskriftir .....	6	1.754.136	2.108.159
<b>Gjöld samtals</b>		<u>296.313.527</u>	<u>280.601.994</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(7.314.724)	9.806.165
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(16.528)</u>	<u>(59.068)</u>
		(16.528)	(59.068)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(7.331.252)</u></u>	<u><u>9.747.097</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		8.693.291	10.155.762
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>8.693.291</u>	<u>10.155.762</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	40.656.895	42.955.796
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	153.877
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>40.656.895</u>	<u>43.109.673</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>49.350.186</u>	<u>53.265.435</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		10.588.740	17.919.992
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>10.588.740</u>	<u>17.919.992</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	85.454	768.133
Viðskiptaskuldir .....		2.882.824	5.062.026
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	27.061.317	19.729.297
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	8.731.851	9.785.987
<b>Skuldir samtals</b>		<u>38.761.446</u>	<u>35.345.443</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>49.350.186</u>	<u>53.265.435</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(7.331.252)	9.747.097
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	1.754.136	2.108.159
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.754.136)	(2.108.159)
		<u>(7.331.252)</u>	<u>9.747.097</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		153.877	(153.877)
Tengdir aðilar .....		2.024.557	(9.567.058)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		5.152.818	(26.162)
		<u>7.331.252</u>	<u>(9.747.097)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(291.665)	(1.056.500)
		<u>(291.665)</u>	<u>(1.056.500)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	356.500
Fjárfestingarframlag .....		291.665	700.000
		<u>291.665</u>	<u>1.056.500</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	277.700.000	288.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.754.136	2.108.159
	<u>279.454.136</u>	<u>290.408.159</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	279.600.000	0	0	279.600.000
Fjáraukalög .....	(1.900.000)	0	0	(1.900.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>277.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>277.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(285.031.252)	0	0	(285.031.252)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(7.331.252)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(7.331.252)</b>

	2020	2019
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	9.544.667	0
	<u>9.544.667</u>	<u>0</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	199.325.193	192.371.787
Orlof, breyting .....	7.367.351	(1.724.256)
Launatengd gjöld .....	44.503.912	43.059.597
Starfsmannakostnaður .....	2.549.323	1.409.683
	<u>253.745.779</u>	<u>235.116.811</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	21,0	19,8

## Skýringar

	2020	2019
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	427.777	743.982
Byggingarvörur, almennar ....	0	1.327.832
Ýmis tæki og áhöld ....	267.125	135.775
Orkugjafar ....	166.333	235.614
Matvæli ....	1.725.805	2.321.626
Almennar rekstrarvörur ....	935.498	887.217
Vörukaup, almenn	3.522.538	5.652.046
Ýmsar sérgreindar vörur ....	46.046	0
Vörukaup, sérgreind	46.046	0
Fundir, námskeið, risna ....	364.216	1.249.528
Ferðir, uppihald ....	475.837	2.382.555
Akstur ....	81.632	237.306
Sérfræðiþjónusta ....	10.694.122	8.331.171
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	74.051	64.216
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	0	91.688
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	1.232.211	1.147.125
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	12.922.069	13.503.589
Afnotagjöld ....	5.382.596	4.755.078
Leigugjöld ....	15.914.469	16.903.823
Verkkaup ....	1.866.734	2.449.461
Kostnaðarhlutdeild ....	1.159.160	113.027
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	24.322.959	24.221.389
Annar rekstrarkostnaður samtals	40.813.612	43.377.024
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	1.754.136	2.108.159
	1.754.136	2.108.159
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður ....	8.693.291	10.155.762
	8.693.291	10.155.762
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		
		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 1.1.2020 ....		19.600.983
Viðbætur á árinu ....		291.665
		19.892.648
Afskriftir 1.1.2020 ....		9.445.221
Afskrift ársins ....		1.754.136
		11.199.357
Staða 31.12.2020 ....		8.693.291

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>8 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	40.656.895	42.955.796
	<u>40.656.895</u>	<u>42.955.796</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	85.454	768.133
	<u>85.454</u>	<u>768.133</u>

## 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	17.919.992	8.172.895
Afkoma ársins .....	(7.331.252)	9.747.097
Jöfnuður 31.12. ....	<u>10.588.740</u>	<u>17.919.992</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	27.061.317	19.693.966
Önnur ógreidd gjöld .....	0	35.331
	<u>27.061.317</u>	<u>19.729.297</u>

## 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	8.693.291	10.155.762
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ....	38.560	(369.775)
	<u>8.731.851</u>	<u>9.785.987</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	10.155.762	(369.775)	9.785.987
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	700.000	700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	291.665	(291.665)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.754.136)	0	(1.754.136)
	<u>8.693.291</u>	<u>38.560</u>	<u>8.731.851</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 1,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 12 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Kærunefnd útlendingamála hefur gert tímabundinn samning um húisleigu við Ríkiseignir til ársins 2031, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 16,4 milljónum. Eins hefur stofnunin gert ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 8 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.